

Upplýsingar um sýninguna Krakkarnir í hverfinu og verkefni henni tengd.....

Spurningar og verkefni sem ætlað er til að hvetja til rökræðna í bekknum og sem hægt er að nota til að undirstrika þau skilaboð sem send voru í sjálfri sýningunni.

Yfirlit:

1. EFTIR SÝNINGUNA HVAÐ NÚ?

- Um brúðurnar í sýningunni
- Verkefnið "Að skrifa brúðunum bréf".

2. FLEIRI VERKEFNI Í KENNSLUSTOFUNNI

- Umræðuefni
- Rautt ljós, grænt ljós
- Leikrænn hlutverkaleikur

1. Eftir sýninguna – Hvað nú?

Um brúðurnar í sýningunni

STEFÁN

Stefán er 8 ára og er aðalpersónan í leikþáttum Krakkanna í hverfinu um líkamlegt ofbeldi. Hann hefur mörg áhugamál; þ.á.m. matreiðslu og fótbolta. Besti vinur hans er Númi og þeir eru alltaf að bralla eitthvað skemmtilegt saman. Stefán býr með móður sinni, pabba sínum og litlu systur sinni sem heitir Elsa. Honum semur nokkuð vel við fjölskyldu sína – ekki síst núna þegar þau eru farin að vinna í sínum málum; fá þá hjálp sem þau þurfa á að halda.

NÚMI

Númi er 8 ára og einn af bestu vinum Stefáns. Í námsefni Krakkanna í hverfinu um líkamlegt ofbeldi er Númi hálf ringlaður; gerir sér ekki grein fyrir hvað ofbeldi á börnum er og hvað það er ekki. Í gegnum nærfærin en engu að síður gamansöm samskipti hans við Stefán – fara börnin í áhorfendasalnum að vita og skilja meira um ofbeldi.

JÓHANNA

Jóhanna er aðalpersónan í sýningum Krakkanna í hverfinu um kynferðislega misnotkun. Jóhanna er 11 ára og er nágranni Stefáns. Foreldrar Jóhönnu eru fráskildir og hún býr hjá mömmu sinni. Í þessum leikþáttum er hún trúnaðarvinur Stefáns og segir honum frá því hvernig kærasti mömmu

hennar snerti hana á óviðeigandi hátt og hvernig hún fékk hjálp þegar hún ákvað að segja þabba bestu vinkonu sinnar frá atvikinu.

SKRIFA BRÚÐUNUM BRÉF....

Þjóðið börnu um að skrifa bréf til einhverrar persónu úr leikritinu.

Ef börnin eiga erfitt með að skrifa má bjóða þeim hjálp. Eins geta þau teiknað mynd fyrir brúðurnar og má bæta við einni setningu til skýringar sem kennarinn getur hjálpað þeim að skrifa.

Þau geta valið um að skrifa einum af brúðunum (Stefán, Jóhanna eða Númi) eða einhverjum af þeim fullorðnu eins og: Mömmu Stefáns, Tómasi rágjafi Stefáns, Sigrúnu kennari Stefáns, mömmu Jóhönnu, Margréti ráðgjafi Jóhönnu eða Sverri sem Jóhanna treysti fyrir sögu sinni.

Hægt er að nota þessi bréf til að koma af stað og örva umræður - eða senda þau til leikbrúðanna í kjölfar sýningarinnar í skólanum. Ef eitthvað kemur fram í bréfunum má segja að persónurnar hafi svarað bréfinu og sagt að sér finnist að þurfi að finna hjálp til að laga þetta.

Eins getur kennari, ef hann vill vekja umsræðuna upp aftur eftir einhvern tíma, skáldað upp svarbréf frá einhverri persónu úr sýningunni.

2. Fleiri verkefni í kennslustofunni

UMRÆÐUEFNI:

Þáttur 1 - Líkamlegt ofbeldi:

1.Hvar eru Númi og Stefán? Af hverju hefur Númi áhyggjur í upphafi leikþáttarins? Hvers vegna er hann undrandi á því hvernig mamma Stefáns lítur út? Af hverju er hann hissa á því að þau haldist í hendur?

2.Hvers vegna er Númi hræddur við mömmu Stefáns? Hvað heldur hann að hafi komið fyrir Stefán?

3.Hvar vill Stefán sitja? Af hverju hika Númi við að fara með honum?

4.Hvað segir Stefán Núma? Hvernig útskýrir hann þau vandamál sem áttu sér stað milli hans og mömmu hans?

5.Hvað varð þess valdandi að Stefán gerði sér grein fyrir því að það sem var að gerast heima hjá honum var ekki eðlilegt? Hvað olli því að hann ákvað að hann yrði að segja einhverjum frá ofbeldinu?

6.Hverjum sagði Stefán frá þessu? Hvernig kom sú manneskja honum til hjálpar? Hvað sagði hann eða hún við Stefán um það sem hann sagði frá?

7.Hvernig fékk mamma hans Stefáns hjálp? Af hverju þurfti öll fjölskylda Stefáns að fara í meðferð? Á hvers konar fundi fer mamma hans Stefáns?

Páttur 2 - Kynferðisofbeldi

1. Hver er Jóhanna?
2. Hvers vegna veit Jóhanna svona mikið um misnotkun og ofbeldi gegn börnum?
3. Jóhanna var 8 ára þegar hún var misnotuð. Hversu gömul er hún núna? (11 ára)
4. Af hverju heldur þú að það kunni að vera auðveldara fyrir Jóhönnu að tala um misnotkunina núna - fjórum árum síðar?
5. Stefán er undrandi þegar hann kemst að því hverjum Jóhanna kaus að segja frá. Hverjum sagði Jóhanna frá og af hverju var Stefán svona hissa? Hvers vegna valdi Jóhanna Sverri, pabba hennar Dagnýjar?
6. Jóhanna er með ákveðna hugmynd um hvernig hún geti útskýrt hvernig hún talaði við Sverri. Hvernig vill hún úskýra þetta fyrir Stefáni? Hvern leikur Jóhanna? Hvern leikur Stefán?
7. Fyrst þegar Jóhanna byrjaði að tala við Sverri, pabba hennar Dagnýjar - þá sagði hún honum frá annarri lítilli stelpu. Hvaða litla stelpa er það og af hverju heldurðu að Jóhanna hafi byrjað á að tala um hana? Heldur þú að það hafi verið góð hugmynd hjá Jóhönnu að byrja með því að tala um stelpuna á myndbandsspólunni? Af hverju eða af hverju ekki?
8. Mamma Jóhönnu átti kærasta. Hvernig kom hann fram við Jóhönnu til að byrja með? Hvað gerði hann til að vinna traust hennar og verða vinur hennar? Hefur þér einhvern tíman fundist einhver vera vinur þinn bara til að fá eitthvað frá þér? Hvernig leið þér með það?
9. Hvað sagði kærastinn Jóhönnu að myndi gerast ef hún segði mömmu sinni frá þessu?
10. Trúði Jóhanna honum þegar hann sagði að mamma hennar myndi hata hana? Af hverju heldurðu að kærastinn hafi sagt þetta? Hvað myndir þú gera ef eldri krakki eða einhver fullorðinn léti þig gera eitthvað og myndi síðan láta þig lofa að segja aldrei neinum frá?
11. Eftir að Jóhanna sagði Sverri, pabba hennar Dagnýjar, hvað hefði gerst, hvernig hjálpaði hann henni þá?
12. Hver var Margrét? Hvað hjálpaði hún Jóhönnu að gera? Hvernig brást mamma hennar Jóhönnu við fyrst þegar Jóhanna talaði við hana um Leó? Auk þess að hjálpa Jóhönnu að segja mömmu sinni frá þessu - hvernig hefði Margrét getað hjálpað Jóhönnu og mömmu hennar enn frekar?

Páttur 3. - Hvað er þá ofbeldi?

1. Af hverju hringir Númi í Stefán? Að hverju spyr hann? Af hverju verður Stefán pínulítið pirraður út í Núma?
2. Hvað gerðist heima hjá Núma sem veldur því að hann heldur að pabbi hans sé að beita hann ofbeldi? Hvernig útskýrir Stefán að það sem pabbi hans Núma gerði er ekki ofbeldi?
3. Hvað gerði mamma hans Núma sem fékk hann til að halda að hún væri að beita hann ofbeldi? Hvers vegna er Númi alveg ringlaður?
4. Hvað segir Stefán Núma um ofbeldi gagnvart börnum? Hvernig útskýrir hann það?

5. Af hverju segir Stefán Núma að það sé mjög áriðandi að segja einhverjum frá ef maður er beittur ofbeldi? Hvað heldur þú að ofbeldi gagnvart börnum sé? Notið einhverjar eða allar eftirfarandi spurninga til að hvetja til og örva umræður um kynferðislega misnotkun og persónulegt öryggi í litlum hópum barna.

RAUTT LJÓS, GRÆNT LÓS

Markmið: Að nemendur verði bæði færir um að greina þær kringumstæður sem forðast ber og að segja einhverjum fullorðnum, sem þeir treysta umsvifalaust frá.

Leikmunir: Hringir úr stífum grænum föndurpappa

(u.þ.b. 6" í þvermál) – einn á hvern nemanda

Hringir úr rauðum stífum föndurpappa (u.þ.b. 6" í þvermál) – einn á hvern nemanda

Sögur á næstu tveimur síðum

Framkvæmd: 1. Veljið eina af sögunum sem hér fara á eftir – eða semjið ykkar eigin til að lesa fyrir bekkinn. Segið nemendunum að í sögunni sem þú ætlir að lesa séu einstaklingar sem viti ekki alltaf hvernig þeir eiga að tryggja öryggi sitt. Stundum velur aðal sögupersónan rétta og örugga kostinn og stundum gerir hún/hann það ekki. Biðjið bekkinn um að hlusta vandlega á söguna en ekki sýna nein viðbrögð strax – og ekki tala um söguna.

2. Afhendið hverjum nemanda einn rauðan hring og einn grænan hring. Útskýrið að rauði hringurinn þýði "Stopp", sem gefur til kynna að aðstæður persónunnar í sögunni séu varhugaverðar. Græni hringurinn þýðir "Af stað" sem þýðir að persónan í sögunni sé að taka skynsamlegar, öruggar ákvarðanir. (Útskýrið fyrir börnunum í bekknum að þau eigi að taka sínar eigin ákvarðanir en ekki bara herma eftir hinum krökkunum).

3. Segið nemendunum að þið ætlið að lesa sömu söguna aftur og að þeir eigi að lyfta upp rauðu og grænu hringjunum á viðeigandi stöðum. (Lesið söguna hægt og gerið stutt hlé á milli setninga, svo að nemendurnir geti velt aðstæðunum – og svörunum fyrir sér). Í hvert sinn sem nemendurnir bregðast við og svara, gerið þá hlé á lestrinum og ræðið um það hvort persónan í sögunni sé örugg eða hugsanlega í vafasömum aðstæðum. Ef persónan er ekki örugg, ræðið þá um það hvort persónan geti einhvern veginn aukið öryggi sitt.

4. Útskýrið fyrir nemendunum að þeir hafi í raun notað tilfinningar sínar og innsæi til að ákvarða hvort persónan í sögunni var örugg eða óörugg. Leggið áherslu á að þegar þau verða finna fyrir óöryggi eða ónotakennd í raunverulegum kringumstæðum – þá sé best að gera ráð fyrir að aðstæðurnar séu ekki öruggar.

Viðbót: (Fyrir nemendur í efri bekkjum grunnskólans) Afhendið hverjum nemanda eintak af sögu. Látið nemendurna síðan endurskrifa söguna svo að sögupersónan sé örugg.

Látið nemendurna lesa endurskrifuðu sögurnar sínar fyrir bekkinn.

RAUTT LJÓS, GRÆNT LJÓS SÖGUBLAÐ

1.Svava, Lilja og Kristín voru að hjóla á gangstéttinni. Þær gættu þess að fara ekki langt frá heimilum sínum. Þegar þær beygðu fyrir hornið tóku þær eftir því að rauður sendiferðabíll nam staðar á götunni og það leit út fyrir að ökumaðurinn hefði stoppað til að tala við þær. Vinkonurnar sáu mann og konu í bílnum og bæði litu þau út fyrir að vera sorgmædd og í hálfgerðu uppnámi. Konan skrúfaði niður rúðuna og spurði "Hafið þið séð lausan hund? Við erum nefnilega búin að týna hvolpnum okkar." Svava fann til með týnda hvolpnum og hristi höfuðið leið á svip um leið og hún svaraði, "Nei". Maðurinn hallaði sér yfir konuna og sýndi þeim mynd af hundinum og sagði, "Sjáiði hann. Er hann ekki sætur? Getiði nokkuð hjálpað okkur að finna hann." Lilja steig niður af hjólinu og ætlaði að fara að skoða myndina þegar Kristín sagði, "Bíddu, Lilja! Við skulum segja foreldrum okkar frá þessu. Kannski hafa þau séð hundinn. Stelpur, drífum okkur." Þeir settust allar umsvifalaust á hjólin sín og fóru heim til Kristínar af því að það var styst þangað. Þegar þær komu inn sögðu þær mömmu hennar Kristínar frá því sem hafði gerst.

2.Júlía var búin að logga sig inn á spjallrás á netinu, sem Katrín bekkjarsystir hennar hafði bent henni á. Þær voru að bera saman bækur sínar; reyna að láta sér detta eitthvað í hug fyrir eðlisfræðiverkefni sem þær áttu að skila eftir fáeina daga. Allt í einu loggaði sig einhver annar inn. "Hæ. Pláss fyrir 1 í viðbót?" spurði 8villtur. "OKI. Vantar hugmynd fyrir eðlisfræðiverkefni" svaraði Katrín. Hún var miklu fljótari að pikka en Júlía. "Hvaða skóla?" spurði 8villtur. Júlía svaraði eins og skot "Man ekki hvað hann heitir". 8villtum fannst þetta ekki fyndið. "LOL - í alvöru ... hvað er málið?" "Ekkert mál. Langholts" svaraði Katrín. "Ekki eins stíf og vinkonan, Boltabeib?" sagði 8villtur. "Kva heitiru?" Júlía var nokkuð viss um að hún þekkti ekki þennan 8villta. Hún vissi líka að foreldrar hennar myndu ekki vilja að hún væri að tjatta við ókunnuga en hún vildi heldur ekki skilja vinkonu sína eftir eina ... eða þannig. "Hey" pikkaði hún í flýti, "hringdu í mig heim, boltabeib." "Á eftir" svaraði Katrín. "Er með frábæra eðlisfræðihugmynd. Hittu mig í Kringlunni eftir hálf tíma" - Þessi 8villti var sko ekki á því að gefast upp. Júlía stökk upp frá tölvunni og hljóp inn í eldhús meðan bekkjarsystir hennar og þessi ókunnugi maður héldu áfram að tjatta. "Verðuru komin eftir 30m?" spurði 8villtur Katrínu. "Veit ekki. Verð að bíða eftir mömmu" Katrín vissi að hún átti að vera að læra en þetta var samt ógeðslega spennandi. 8villtur spurði hana hvort hún vildi kannski frekar hitta hann í Smáralindinni eða kannski niðri á Hlemmi. Svo allt í einu spurði hann: "Eigum við ekki bara að hittast heima hjá þér?" Áður en Katrín náði að svara var bankað hraustlega á útidyrhurðina. "Katrín!" Þetta var Júlía. "Opnaðu! Við mamma þurfum að tala við þig." Katrín loggaði sig út af tölvunni og hljóp fram í forstofu.

3. Anton býr með mömmu sinni og tveimur eldri bræðrum sínum. Fyrir mánuði síðan fór mamma hans að vera með Gunnari, sem hún hefur unnið með í meira en fimm ár. Anton kann mjög vel við Gunnar. Þeir horfa á sömu bíómyndirnar, finnst sami maturinn góður og stundum gefur Gunnar Antoni gjafir. Anton var vanur að spyrja alltaf mömmu sína hvort hann mætti þiggja gjafirnar áður en hann tók við þeim. Í gær fór Anton hinsvegar í bíó með Gunnari. Gunnar keypti popp handa þeim, nammi og stóra kók sem hann sagði að þeir gætu drukkið saman. Þegar búið var að slökkva ljósin í bíóinu, teygði Gunnar sig yfir til Antons og byrjaði að snerta einka-staði Antons. Anton hvíslaði, "Hættu þessu". Gunnar baðst afsökunar og sagði að hann hefði misst eitthvað í kjöltuna á Antoni. En svo gerði Gunnar þetta aftur. Anton fékk svona skrýtna tilfinningu í magann ... honum varð eiginlega óglatt. Hann stóð upp í bíóinu og sagði, "Ég verð að fara á klóið. Einn." Hann fór í miðasöluna og fékk að hringja í mömmu sína. Hann sagði henni að svoldið slæmt hefði gerst og að hún yrði að koma strax og ná í hann í bíóið. Síðan sagði hann konunni í miðasölunni að hann yrði að fá að bíða í búrinu hjá henni þar til mamma hans kæmi að ná í hann og að Gunnar mætti ekki koma nálægt honum.

LEIKRÆNN HLUTVERKALEIKUR

LEIÐBEININGAR:

1. Skiptið nemendum í tveggja til fimm manna hópa.
2. Dreifið einni af eftirfarandi þremur sviðssetningum til hvers hóps.
3. Ræðið söguna og hugsanleg vandamál og valkosti í hverri sviðssetningu fyrir sig.
4. Hver hópur ætti að skipa í hlutverk og semja raunhæfan endi. Segið hópunum að þeir geti bætt við persónum, látið leikpáttinn gerast á fleirum en einum stað og þeim sé frjálst að bæta við leikpáttinn að vild. Hvetjið þá til að nota EKKI eins orðs endingar.
5. Látið nemendurna æfa fullbúinn leikpáttinn í það minnsta tvisvar sinnum. Þeir þurfa ekki að leggja textann á minnið. Þeir geta lesið hann úr handritunum.
6. Látið nemendurna sýna leikpáttinn fyrir allan bekkinn og segið þeim að vera undir það búna að ræða ástæðurnar fyrir því af hverju þeir völdu þennan tiltekna endi á söguna.

UMRÆÐUR: Þegar nemendur hafa lokið við að sýna leikþætti sína, ræðið þá hvað gerðist meðan á sýningu stóð með því að spyrja eftirfarandi spurninga:

1. Hvernig leið þínum "karakter"; þinni persónu?
2. Líkaði þér vel að leika þinn "karakter"; þína persónu? Af hverju eða af hverju ekki?
3. Telur þú að viðbrögð þinnar persónu hafi verið eðlileg og raunhæf?
4. Á hvaða annan hátt hefði þessi saga getað endað?

Gangið úr skugga um að nemendur sjái tenginguna milli þeirra eigin viðhorfa og þeirra sem kynnt hafa verið. Ítrekið upplýsingarnar sem komu fram í leikbrúðusýningunni.

Leikþáttur A: Ókunnugur maður/kona í garðinum

Sviðsetning: Tveir vinir eru að leika sér í almenningsgarði þegar ókunnugur maður/kona nálgast þá og biður þá um aðstoð.

Persónur: Palli – krakki

Kiddi – vinur Palla

Ókunnugur maður/kona – fullorðinn aðili sem hvorki Palli né Kiddi þekkja

Palli: Hey ... athugum hvað við getum hent "frissbí" disknum oft á milli okkar án þess að missa hann.

Kiddi: Ókey. En ég held að við eigum samt ekki eftir að slá gamla metið okkar. Hvað sagði mamma þín að við hefðum verið hérna úti í marga klukkutíma þá?

Ókunnugur

maður/kona: Snati! Komdu karlinn. Snati! Snaaaatiiii!

Palli og Kiddi horfa á ókunnuga manninn/konuna nálgast.

Ókunnugur

maður/kona: Hæ, krakkar. Hafið þið séð hundinn minn?

Kiddi: (stígur eitt skref aftur á bak) Nei, við höfum ekki séð neina hunda.

Palli: Hvernig lítur hundurinn þinn út?

Ókunnugur

maður/kona: (tekur mynd upp úr vasa sínum og lítur á hana) Ja, hann er ekki mjög stór og hann er brúnn og hvítur ... haldiði að þið getið hjálpað mér að finna hann

Palli: (stígur eitt skref í átt að ókunna manninum/konunni, eins og hann vilji sjá myndina) Má ég sjá?

Kiddi: Við getum því miður ekki hjálpað þér því við verðum að fara.

Ókunnugur

maður/kona: En Snati er svo hrifinn af krökkum. Ég er viss um að ef þið kallið bara á hann ... svona: "Snati, komdu karlinn ... Snati ..." þá myndi hann sennilega koma til ykkar.

FULLKLÁRIÐ LEIKÞÁTTINN MEÐ NÁKVÆMUM ENDI. ÆFIÐ HANN SÍÐAN MEÐ

HÓPNUM YKKAR.

Leikþáttur B: Lofað að þegja yfir leyndarmáli

Sviðsetning: Rakel er í herberginu sínu að tala við Vigdís vinkonu sína.

Persónur: Vigdís

Rakel

Rakel: Ókey, hvað er að hjá þér? Af hverju ertu búin að vera svona skrýtin síðustu tvo eða þrjá daga?

Vigdís: Ég er ekkert búin að vera skrýtin.

Rakel: Víst. Þú ert búin að vera stórfurðuleg!

Vigdís: Ja ... ég get bara ekkert talað um það. Það er leyndó.

Rakel: Ó.

Vigdís: Það er rosalega STÓRT leyndarmál. Og ég ... Æ, nei ... ég má þetta ekki.

Rakel: Byrjarðu ... eina ferðina enn! Þig langar til að segja mér það. ÉG VEIT að þig langar til þess.

Vigdís: Nei. Ég get það ekki. Ég lofaði. Og svo er þetta ekki einu sinni MITT leyndarmál ... heldur frænku minnar.

Rakel: Bíddu ... en ég þekki ekki einu sinni frænku þína. En ... ég meina ... allt í lagi ... ef þú vilt ekki segja mér ...

Vigdís: Ókey - þú togaðir þetta upp úr mér! Frænka mín sagði mér að þjálfarinn hennar hefði ... sko ... eiginlega ... snert hana.

Rakel: Hvað meinarðu ... "snert hana"?

Vigdís: Þú veist, SNERT hana ... snert brjóstin á henni ... farið undir bolinn hennar og allt!

Rakel: Hvað GERÐI hún?

Vigdís: Hún vissi ekkert hvað hún átti að gera. Hún var bara alveg skíthrædd og alveg í rusli. Hún grét og grét þegar hún sagði mér frá þessu og lét mig lofa því að segja engum frá þessu. Hún færir alveg í klessu ef hún vissi að ég hefði sagt þér þetta. Þú matt ekki

segja neinum neitt! Lofarðu að þegja yfir þessu?

FULLKLÁRIÐ LEIÐPÁTTINN MEÐ NÁKVÆMUM ENDI. ÆFIÐ HANN SÍÐAN MEÐ HÓPNUM YKKAR.

Leiðpáttur C: "Sýndarveruleika-vinir"

Sviðsetning: Maggi situr einn fyrir utan blokkina sem hann býr í.

Persónur: Maggi
Tommi

Maggi lítur í kringum sig, eins og hann sé að skima eftir einhverjum þegar Tommi vinur hann nálgast.

Tommi: Hæ Maggi. Hvað ertu að gera hérna úti?

Maggi: Æ, Hæ Tommi. Ég er sko að fara að hitta ... uhhh. Ég meina ... ég er bara að slæpast (tjilla) ... bara smá pása frá ritgerðinni.

Tommi: HVERN ertu að fara að hitta? Áttu kannski leyndan aðdáanda? Kannski kærustu ... sem enginn veit um?

Maggi: Nei. (lítur í kringum sig taugaveiklaður) Æ, góði ... þegiðu.

Tommi: Bíddu, hvað er í gangi?

Maggi: Ekkert. Ég bara vil ekki að mamma verði brjáluð. Ég er að fara að hitta J.T. vin minn.

Tommi: Hver er það?

Maggi: Æ, bara strákur. Við spilum stundum stríðleik á netinu. Við tjöttum svo stundum á MSN-inu. Hann ætlaði að koma yfir.

Tommi: Veit þessi stríðsleikja gæi hvar þú átt heima?

Maggi: Já ... ég sagði honum það af því að

Tommi: Sagðirðu einhverjum ókunnugum gæja sem þú hittir á netinu hvar þú átt heima?!!

Maggi: Slakaðu á ... hann er ekkert ókunnugur. Ég var að segja þér það ... við erum búnir að tjatta fullt á MSN-inu og senda "í-meil" og svoliðis. Þetta er ógeðslega skemmtilegur

gaur. Hann hlustar á sömu tónlist og við og fílar sömu myndirnar og allt það. Þér finnst hann ábyggilega æðislegur líka. Hann ætlar meira að segja að lána mér nýja karate-leikinn sem var að koma út. Þess vegna ákvað hann að keyra bara hingað til mín og hitta mig.

Tommi:Sko ... bíddu nú aðeins ... einhver eldri gaur sem þú kynntist í gegnum tölvu ætlar að keyra hingað til að lána þér glænýjan tölvuleik? Hvar er mamma þín?

Maggi:Hún fór að hjálpa Lindu systur sinni. Svo sagði J.T. líka að það það væri sennilega betra að ég hitti hann bara hérna úti því honum finnst eitthvað vandræðalegt að hitta mömmu mína.

FULLKLÁRIÐ LEIKPÁTTINN MEÐ NÁKVÆMUM ENDI. ÆFIÐ HANN SÍÐAN MEÐ HÓPNUM YKKAR.

Leikpáttur D: Stundum líður manni jafnvel illa í eðlilegum aðstæðum

Sviðsetning:Þegar Íris kemur heim úr skólanum sitja frænka hennar og frændi í borðstofunni við hliðina á eldhúsinu og bíða eftir henni.

Persónur:Íris
Nanna frænka
Teddi frændi

Íris:(kemur inn í borðstofuna með stóran bakpoka) Hæ mamma! Ég er komin!

Teddi frændi:Hæ, skvís. Mamma þín varð að fara á fund svo við Nanna frænka þín ætlum að vera hjá þér í dag.

Íris:Æði!

Nanna frænka:(um leið og hún gengur út úr borðstofunni inn í eldhúsið) Ég ætla að ná í eitthvert snarl handa okkur.

Teddi frændi:Komdu nú og knúsaðu Tedda frænda þinn. Það hlýtur að vera svakalega erfitt að halda á öllum þessum þungu bókum. Sestu hérna í fangið á mér og ég skal nudda á þér axlirnar.

Íris:(líður ónotalega) Ohhh, eeee ... ég er nú eiginlega orðin of gömul fyrir það ... er það ekki?

Teddi frændi:Þú verður aldrei of gömul til að láta dekra dálðið við þig! Nanna frænka þín segir það a.m.k. alltaf við mig.

Íris:Ég ætla að athuga hvort ég get ekki hjálpað Nönnu eitthvað í eldhúsinu. Ég kem eftir smástund. (fer inn í eldhúsið) Nanna ... uhm ... Teddi frændi vill nudda á mér bakið ... en ég vil það ekki. Mér finnst það bara óþægilegt ... svona inni í mér ... skilurðu.

Nanna frænka:Nú - þá segirðu bara við hann: "Nei, takk"

Íris:En þá sárnar honum. Er þetta er rangt af honum að vilja gera þetta?

Nanna frænka:Þegar þú varst lítil þá fannst þér æðislegt þegar hann strauk á þér bakið - en nú þegar þú ert orðin eldri - þá finnst þér það óþægilegt eða óviðeigandi. Fólk þroskast og breytist ... og tilfinningar þess þroskast og breytast líka. Þó þú segir "nei" þá þýðir það ekki að þér þyki ekki vænt um frænda þinn og það mun heldur ekki verða til þess að honum hætti að þykja vænt um þig. Enginn hefur gert neitt rangt. Teddi frændi þarf bara að fá að vita að þú sért vaxin upp úr því að láta strjúka á þér bakið. Það er nú allt og sumt.

Íris:Teddi

FULLKLÁRIÐ LEIÐÁTTINN MEÐ NÁKVÆMUM ENDI. ÆFIÐ HANN SÍÐAN MEÐHÓPNUM YKKAR.

